



Valgeiri Björnsson, bæjarverkfræðingur, bréf viðvíkjandi byggingum við Vonarstræti, ásamt blaðaúrklippum varðandi Ráðhúsið við Vonarstræti - Tjörninni, 1943

Bjarni Benediktsson – Valgeiri Björnsson, bæjarverkfræðingur, bréf viðvíkjandi byggingum við Vonarstræti, ásamt blaðaúrklippum varðandi Ráðhúsið við Vonarstræti - Tjörninni, 1943

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ráðhús

Blætairkelipper

BÆJARVERKFRÆÐINGUR

VB/EB

Reykjavík, 27. maí 1943.

Viðvíkjandi byggingum við Vonarstræti.

Í sambandi við tillögur framkomnar um staðsetningu væntanlegs ráðhúss, hafið þér herra borgarstjóri óskað vitneskju um hvaða skoðun ég hafi haft á byggingum við Vonarstræti.

Ég hefi ávalt litið svo á, að rétt væri að fylla nokkuð út í Tjörnina milli Iðnó og Bárunnar. Skyldi svo með tímanum taka burtu þessi hús, en nýtt hús yrði byggt fyrir miðjum Tjarnarendanum, og yrði það eina húsið þeim megin Vonarstrætis. Hvort svo þessi bygging yrði ráðhús eða annað stórhýsi hefi ég með sjálfum mér látið liggja milli hluta.

Hvað því viðvíkur að erfitt væri að byggja á þessum stað, vegna þess að undirstaða sé slæm, tel ég ekki að það sé á rökum byggt. Grundvöllur þarna mun vera sami og í miðbænum yfirhöfuð.

Byggingarstæðin við Vonarstræti eru einhver þau fallegustu hér í bænum, og því nauðsynlegt að til byggingu þar sé mjög vel vandað, svo að gott samræmi skapist fyrir enda Tjarnarinnar. Einmitt vegna þessa tel ég heppilegt að ein stórbygging kæmi við Vonarstrætið Tjarnarmegin, er hulið gæti það áberandi ósamræmi er byggingarnar norðan götunnar mynda. Jafnvel þó að því yrði horfið -sem ólíklegt má teljast- að byggt yrði á Alþíngishúslóðinni milli Thorvaldsensstrætis og Templarasunds, tel ég vafasamt að það gæti orðið viðunandi lausn án þess að stór bygging kæmi Tjarnarmegin.

Virðingarfyllst,

Algeir Þorsteinsson

Til borgarstjórans í Reykjavík.

Ráðhúsið í Tjörninni

Nokkrir fulltrúar stjórnmála-flokkanna hafa nú um skeið setið á rökstólum til undirbúnings væntanlegri ráðhússbyggingu handa Reykjavík.

Hússtæðið kvað nú vera á-kveðið. Tjörnin á að leggja til grundvöllinn undir þessa framtíðarbyggingu.

Tjörnin hefir til þessa verið talin höfuðprýði Miðbæjarins. Þessi bæjarprýði hefir smám saman orðið fyrir slíkri ágengni — stundum af illri nauðsyn — að nú hefði mátt vænta þess, að hjer yrði staðar numið.

Flestum bæjarbúum er sára-ara um Tjörnina en svo, að þeir vilji nokkuð af henni missa, umfram það, sem brýn nauðsyn ber til. Tjarnargötuna er að vísu nauðsynlegt að breikka og æskilegt að bæta einhverri ræmu sunnan við Von arstræti, en það eru smámunir í samanburði við þá óhemju-legu fyllingu, sem ráðhúsið heimtar. **Tjörnin má ekki minka að nauðsynjalausu.**

Það er gömul og góð venja, að ætla ráðhúsi mjög rúmgott svæði, þar sem því verður við komið, **sjerstaklega fram undan forhlið hússins**, svo að fólk geti komið þar saman við há-tíðleg tækifæri og aðalhlið hússins geti notið sín. Ráðhússtorg eru jafnan vinsælir staðir.

Mjer telst svo til, að heill

hektari (10000 ferm.) mundi takast af Tjörninni og vafasamt að það nægði, ef þetta hús ætti ekki að lenda í samskonar þrengingum, sem hjer eru sorg-leg dæmi til um þjóðnytjahús.

Engum kæmi til hugar, að klæssa forhlið ráðhússins fast að hinni þróngu götu, eða að-eins örfáa metra frá henni. Og ekki yrði hjá því komist, að hafa nokkurt svigrúm við bak-hlið hússins tjarnarmegin. Far-artækjum þarf einnig að sjá fyrir dvalarstað í grend við húsið, en ekki á götunni.

Annað atriði í þessu máli er mjög athyglisvert. Er það keppi kefli, að hola niður slíku stór-hýsi á lægsta stað, sem til er í bænum? Í fyrsta lagi kostar það stórfje að byggja alger-lega vatnshelda kjallara svo djúpt undir vatnsborði og svo trausta, að gólfir springi ekki upp vegna hins mikla vatns-brýstings. Fróðir menn segja að vatnsborðið sje altaf að hækka (eða landið að lækka) og bendir margt til þess að það sje rjett. Þó að kleift sje að gera slíka kjallara og geti vel blessast, meðan ekki verða nein óhöpp af náttúrunnar völdum, virðist engin ástæða til að leggja þetta hús í hættu að óþörfu, þar sem til eru á næstu grósum tryggari staðir og hæf-ari undir stórhýsi, sem ætlaður er langur aldur og á að geyma

margar og dýrmætar minjar, þegar stundir líða.

Í öðru lagi er það mikið verk og dýrt að gera þessa miklu fyllingu, er mundi verða mannhæð, eða rúmlega það, á mjög stóru svæði. — Hefir það nokkurntíma verið rann-sakað, hve djúpt er þarna niður á öruggan grundvöll og enn fremur, hvaða aukakostnað betta hússtæði og alt sem því fylgir, mundi hafa í för með sjer?

Pegar Templarahúsið er horf ið og þinghússgarðurinn lengdur að Vonarstræti, eins og ráðgert mun vera, gæti opnast góð útsýn úr garðinum yfir tjörnina og til suðurfjallanna. Tjarnar-ráðhúsið mundi taka af þessa útsýn. En forhlið ráðhússins hyrfi að mestu bak við Alþingishúsið og kirkjuna, svo að fjarsýn yrði lítil þeim megin.

Staðarvalið sýnir skort á yf-irsýn yfir heildarúlit þessa bæjarhluta, eins og oft hefir áður brunnið við í skipulagi bæjarins.

Gildi þessa húss í heildar-svip staðarins, viðhorf til grann húsa og gatna og landslags, er engan veginn gætt sem skyldi, enda er það vandasamt verk, að gera slíku viðfangs-efni góð skil.

Ritað 17. maí. '43
Sig. Guðmundsson.

Ráðhúsið.

Nýlega hefir nefnd skilað af sér störfum, sem skipuð var af stjórnmálauflokkunum til þess að ákveða ráðhúsi bæjarins staði. Tókst svo til að nefndin virðist einróma hafa komist að þeiri niðurstöðu að húsið skyldi byggjast í krika Tjarnarinnar milli alþýðuhússins „lðnó“ og Bárunnar. Hafði sú hugmynd stungið upp höfði áður, en ekki orðið vart neinnar verulegrar hrifningar meðal bæjarbúa hennar vegna. Höfðu menn allmennt talið að ríkari ástæða væri til að láta rífa byggingar þær, sem nú standa við Tjörnina sunnanvert við Vónarstræti, en að fjölgu þeim, þannig að Tjörnin væri að mestu byrgð þeim er um Vónarstræti eiga leið. Tjörnin gæti verið mikil bæjarþýði og er það raumar, þótt margir myndu æskja að henni væri meiri vegur sýndur en gert hefir verið að undanförmu, og hefir þar þó margt verið gert til bóta.

Vætanlega vakir það fyrir mönnum, að Ráðhús bæjarins verði stórhýsi, þar sem bæjar-skrifstofum og jafnvæl skrifstofum bæjarfyrirtækja yrði fyrir komið, en auk þess yrðu þar veglegir fundarsalir, sem ekki aðeins væru ætlaðir hinni liðandi stund, heldur og til frambúðar. Húsið byrfti að liggja nærrí miðbænum, en mætti gjarnan bera hærra, en það myndi gera, ef það væri byggd í kvosinni við Tjörnina. Þess verður að gæta að hærinn byggist aðallega suður og austur á við, og sýnist því ástæðulaust að binda sig við miðbæinn eins og hann er nú en leita frekar lítið eitt á brattann. Rétt er það að visu að óbyggðar lóðir eru fáar hentugar í slakknum niður að miðbænum, en þá ber þess hinsvegar að gæta, að nauðsyn ber til vegna úthits bæjarins að heil hverfi verði þar niður rifin og byggð upp að nýju á þann hátt að til prýðis mætli verða, en ekki óprýðis. Helzt aði ráðhús bæjarins að standa eitt sér, þannig að allt umhverfis það væri opíð pláss og greiður aðgangur að því úr öllum áttum, enda liggja þang að leiðir allra íbúa þessa bæjar og gera vætanlega enn um langa framtíð. Ekki er unnt að svo komnu máli að bera fram eðanlegar tillögur um hvar húsið að standa, en fyrir fram má fullyrða að engin nauðsyn ber til að menn haldi sér við miðbæjarkvosina eina, en renni ekki augum yfir hæðirnar umhverfis hana.

Yrði ráðhús bæjarins byggð á hinum fyrirhugaða stað nefndarinnar, ber þess að gaeta að honum fylgja ýmsir ókostir. Pröngt yrði um bygginguna, nema því aðeins að hún stæði fyrir miðri Tjörninni, en húsin beggja vegna við hana sunnanvert við Vónarstræti yrðu rifin og tekin þar til afnota auð svæði en jafnframt mynduð breið gata eða torg sunnanvert við ráðhúsið, eða í Tjörninni sjálfrí eins og hún er nú. Þá er það einnig athugandi að flóðs og fjöru gætir jafnvæl i Tjörninni

sjálfrí, og er stórstreymt er fyllast ýmsir kjallrar i miðbænum af vatni. Fyrir þann leka yrði að girða, en talið er af byggingarfróðum mönnum, að því samfara yrði ærin kostnaður. Bent hefir verið á það ennfremur, að ekki muni hafa verið rannsakað hve djúpt yrði að grafa til þess að fá tryggar undirstöður fyrir slikt stórhýsi, en ekki virðist úr vegi að það yrði rannsakað á fullnægjandi hátt, áður en endanlegar ákvarðanir yrðu teknar. Að lokum er talið að allmikill kostnaður yrði því samfara að fylla upp ákveðið svæði Tjarnarinnar, en talið er að einn hektara lands þurfi að taka af Tjörninni og fylla upp, ef húsið aði ekki að lenda í sömu þrónginni og Þjóðleikhúsið. Allt þetta virðist vera ærið athugunarefni, áður en hafist er handa um bygginguna og henni valinn staður.

Reykjavíkurbeer hefir að undanförmu fest kaup á lóðum og lendum, húseignum og mannvirkjum og gefið fyrir slikt ærið fé, sem eðlilegt er, þar eð allt þetta er keypt á dýrasta tíma. Verður að telja slikar ráðstafanir meira en vafasamar með tiliti til þeirra nota og nytjunarmöguleika, sem fyrir hendi eru, en einkennilegt er það, að forráðamenn bæjarins skuli ekki hika við að kaupa misjafnlega þarfar húseignir á dýrasta tíma í úthverfum bæjarins, en athuga þá ekki jafnframt þann möguleika, að velja ráðhúsinu heppilegan stað, alveg án tillits til þess hvort þar eru húseignir fyrir, eða ekki, en kaupa þær síðan eftir þörfum. Myndu slik kaup á engan hátt vega á móti kostnaði þeim, sem samfara er sérstökum ráðstöfunum vegna byggingar ráðhússins við Tjörnina. Allir munu samdóma um að ýmsar ráðstafanir þurfi að gera til þess að prýða bæinn og bæta úr gölluðu skipulagi hans. Í því efni á bæjarfélagið sjálf að ganga á undan, eða forðast það að minsta kosti að spilla verulega últli bæjarins og skipulagi frá því sem nú er. Menn munu fylgjast með áhuga með þessu máli, en það eitt er ekki nóg að vilja byggja stórt og veglegt ráðhús, þótt sjálf sagt sé. Því verður einnig að finna heppilegan og fragan stað.

19/5. 1943

Guðm. Hannesson, professor:

Ráðhúsið í Tjörninni.

Pað er langt síðan flestum Reykvíkingum var það ljóst, að Tjörnin er hin mesta bæjarprýði, og mætti þó betur vera, ef hún væri hreinsuð og dýpkuð. Eg man vel eftir því að það mæltist illa fyrir, er Good-templarar byggðu hús sitt að nokkru út í Tjörnina. Síðan hefir þó Tjörnin verið rýrð hvað eftir annað og mun flestum finnast að nóg sé komið af sliku.

Sennilega hefir sú frétt komið mörgum óvaent, sem blöðin fluttu nýskerð, að sex manna nefnd hafi setið um tima á rökstólum, til þess að finna góðan stað handa væntanlegu ráðhúsi bæjarins, og sé það hennar til-laga, að byggja það í tjörninni, sunnan Vonarstrætis, og gera þar um 42 m. breiða uppfyllingu út í tjörnina.

Það þurfti ekki langt að leita að þessari tillögu. Hún er gömul og komin, að því eg bezt veit, frá Guðjóni Samúelssyni próf. Þetta skiptir þó minnstu, en hitt er aðalatriðið, að ýmislegt mælir móti henni, og er þetta hið helzta:

1) Tjörnin rýrist enn á ný og það til lýta.

2) Óvist er, hve traustur grundvöllurinn reynist, er fleir-lyft hús er byggt á honum.

3) Stórhýsi í Vonarstræti er að nokkru leyti falið og bænum til litillar prýði. Norðurhliðin sést aðeins af fremur mjórri götu, og nýtur sín mun lakar en Þjóðleikhúsið við Hverfis-götu og þykir þó of þróngt um það. Suðurhliðin sést fyrst er komið er suður með tjörn. — Vonarstræti er að visu ágæt ibúðargata með litilli umferð, en stórhýsi lenda þar að húsa-baki í bænum, verða litil bæjaprýði og njóta sín miður vel.

Eg læt mér nægja að benda á þetta, en væntanlega spyrja menn, hvar húsið eigi þá að standa, ef það er ekki byggt í tjörninni?

Eg vil svara þessari spurningu þannig:

Það á að standa við óbyggt svæði, þar sem það getur fylli-lega notið sín, hikt og Alþingis-húsið við Austurvöll. Takist byggingin vel, prýðir hún ó-byggða svæðið og svæðið hana.

Það á að standa við almanna-færi og blasa við flestum, sem koma í bæinn, risa eins og tal-andi tákni um menningu og list-fengi bæjarbúa.


Það getur fleira komið til greina, en þessar kröfur eru gamlar og viðurkenndar. Og við höfum að minnsta kosti two staði i bænum, sem full-nægja þeim.

Annar er Bernhöftslóðin í Bankastræti.

Hinn staðurinn er Stjórnar-ráðsbletturinn.

Við þurfum ekki að byggja ráðhúsið úti í tjörninni!

G. H.



21/5.
1943

Ráðhús Reykjavíkur — andlit höfuðstaðarins. Ég og Guðmundur Hannesson. Enn um pylsuvagnana. Bréf frá „Rólyndum vegfaranda.“

FJÖLDI MANNA, valinn af öllum flokkum, hefir ákveðið að Ráðhús Reykjavíkur, hin langbráða bygging og andlit höfuðstaðarins, skuli verða byggt við Vonarstræti, úti í Tjörninni, á uppfyllingu. Það er ekki ólíklegt að þetta byggingarmál muni vekja meiri deilur en orðið hafa um aðrar stórbyggingar, sem hér hafa risið upp og talað hefir verið um að risi upp. Ég er að minnsta kosti ekki ánægður með þennan stað og ég er hjartanlega sammála Guðmundi Hannessyni, þar sem hann mótmælir því að Ráðhús Reykjavíkur risi upp í Tjörninni.

Í FYRSTA LAGI á Ráðhús Reykjavíkur að setja svip á Reykjavík. Það gerir það ekki, ef það verður byggt á þessum stað. Í öðru lagi á það, eins og Guðmundur Hannesson segir, að standa þar sem það blasir við og allir sjá það. Það gerir það ekki í lægðinni við Tjörnina. Í þriðja lagi má ekki minnka Tjörnina meira en orðið er. Af hverju eru ekki sérfræðingar í skipulagsmálum látnir ráða svona málum til lykta? Ég hygg, að þó að hægt sé að segja, að þeim geti skjátlazt, þá sé þó meiri til þess, að þeir geti sett fagran

svip á bæinn en aðrir. Þetta er beirra sérgrein.

BÆJARSTJÓRN afgreiddi ekki þetta mál. Því var frestað. Vitanlega er líka sjálfsagt að Ráðhússtærurinn sé ákveðinn um leið og heildarskipulag bæjarins. Annað er fásinna. Ég vil láta Ráðhús Reykjavíkur koma á hæðina fyrir enda Austurstrætis og búa þar til stórt torg. Það gæti líka staðið, eins og Guðmundur Hannesson bendir á, á Bernhöftsblettinum. Það færí vel á því þar, en hinum megin við Bankastræti kæmi stjórnarráðsbygging Íslands, vegleg hvít höll, því að einhvern tíma kemur að því að við þurfum að byggja stjórnarráðsbyggingu, sem er samboðin þjóðinni — í staðinn fyrir gamla „tukthúsið“, þar sem Waage gamli og aðrir herrar kvöldu sauðaþjófa, útilegu- og hórdóms-menn til forna.

Mbl. 21/5. 1943

Ráðhúsmálínu frestað

Tillaga Ráðhússnefndar um ákvörðun á stað fyrir ráðhús lá fyrir bæjarstjórnarfundi í gær.

Sigfús Sigurhjartarson, bar fram tilmæli um, að hafðar yrðu tvær umræður um þetta mál og helst ekki gengið frá því, fyr en ákveðið væri skipulag Miðbæjarins í heild sinni.

Borgarstjóri skýrði frá, að hann vonaðist eftir að þær skipulagstillögur yrðu fullgerðar á þessu vori og mætti þá afgreiða þetta mál um leið. Æskilegt væri, að Ráðhússnefnd birti greinargerð fyrir tillögu sinni um það, að velja ráðhúsinu stað við Vonarstræti.